**2025/EES/46/04**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 93/2025**

**frá 8. maí 2025**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2766 frá 30. október 2024 um að samþykkja ekki 1,3,7-trímetýlxantín (koffín) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2777 frá 31. október 2024 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu trítósúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]).

3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2781 frá 31. október 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin 8-hýdroxýkínólín, amínópýralíð, asoxýstróbín, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, flúroxýpýr, imasalíl, kresoxímmetýl, metóbrómúrón, oxýflúorfen, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, teflútrín og terbútýlasín ([3]).

4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2806 frá 31. október 2024 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu metríbúsíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 ([4]).

5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32024 R 2777**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2777 frá 31. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/2777, 4.11.2024),

– **32024 R 2781**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2781 frá 31. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/2781, 4.11.2024),

– **32024 R 2806**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2806 frá 31. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/2806, 4.11.2024).“

---

([1]) Stjtíð. ESB L, 2024/2766, 31.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2766/oj
([2]) Stjtíð. ESB L, 2024/2777, 4.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2777/oj
([3]) Stjtíð. ESB L, 2024/2781, 4.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2781/oj
([4]) Stjtíð. ESB L, 2024/2806, 4.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2806/oj

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzzzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408):

„– **32024 R 2806**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2806 frá 31. október 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/2806, 4.11.2024).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzzzx (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2390):

„13zzzzzzzzzzzzzzy. **32024 R 2766**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2766 frá 30. október 2024 um að samþykkja ekki 1,3,7-trímetýlxantín (koffín) sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L, 2024/2766, 31.10.2024).

13zzzzzzzzzzzzzzz. **32024 R 2777**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2777 frá 31. október 2024 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu trítósúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L, 2024/2777, 4.11.2024).

13zzzzzzzzzzzzzzza. **32024 R 2806**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2806 frá 31. október 2024 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu metríbúsíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 (Stjtíð. ESB L, 2024/2806, 4.11.2024).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2766, (ESB) 2024/2777, (ESB) 2024/2781 og (ESB) 2024/2806, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.